

Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

Haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna að Kjarvalsstöðum keyrir nú fyrir fullu er þetta birtist, raunar er nokkuð líðið á sýningartímann því að henni lýkur á sunnudagskvöld. Sýningin hefur hlotið uppörvandi viðtökur gagnrýnenda sem gesta, enda er hún með talsvert öðruvísi sniði en tíðkast hefur hingað til, sem gerir hana í senn áhugaverðari og ásjálegri. Sá er hér ritari vill hvetja sem flesta til að skoða þessa sýningu því að hún markar mjög sennilega tímamót, eftir að haustsýningar félagsins hafa verið í öldudal um nokkurt skeið. Lítt skiljanlegum öldudal.

Sýningarnefnd markaði sér í ár þá réttu stefnu, að í stað þess að taka sem flesta með, jafnvel marga með aðeins eitt verk, er meirihluti sýnenda með þrjú verk og fleiri. Þá hefur sú nýjung verið tekin upp að bjóða nokkrum félagsmönnum að taka þátt í sýningunni sem sérstökum gestum og er það rétt þróun, en þó er sá agnúi á að þessu sinni, að þeir eru of margir (5), þar sem einungis er sýnt í hálfu húsinu. Þetta takmarkar mjög rými aðsendra verka og sýningin fær nokkurn svip af samsýningu nokkurra einstaklinga, sem ekki á að eiga sér stað. Að sjálfsgöðu eru heiðursgestirnir alls góðs maklegir enda setja þeir sterkan svip á sýninguna, bera hana uppi ef svo má að orði komast, en það hefði verið nóg að hafa þá þrjá og þá einkum þá sem standa á tímamótum í lífi sínu, en þau Ásgerður Búadóttir, Guðmundur Benediktsson og Valtýr Pétursson eru öll komin á sjötugasta áratuginn hve ótrúlegt sem það hljómar. Raunar eru viðkomandi ári á eftir áætlun um að heiðra Valtý. Hér er, þó í smáu sniði sé, endurvakin gömul og góð hefð félagsins, sem legið hefur niðri um árabil en hún fólst í því að heiðra félagsmenn með sérsýningum á verkum þeirra er þeir komust á miðjan aldur.

— Það er mjög snyrtilegur og þokkafullur svipur yfir sýningunni í heild og hún er t.d. algjör andstæða sýningarinnar í fyrra er minnti helst á flóamarkað. Um framlag einstakra er það að segja, (svo maður byrji fyrst á gestunum) að Ásgerður Búadóttir á einstaklega fallega veggteppasamstæðu, sem undirstrikar sterkan persónuleika og þá sérstöðu er hún hefur markað sér með verkum sínum á Norðurlöndum, Guðmundur Benediktsson heldur áfram með að þróa á markvissan hátt hinar þokkafullu eirmyndir sínar, Leifur Breiðfjörð fer á kostum þar sem hann hefur sprengt af sér fjötra hins hefðbundna sviðs glerlistar og blandar hér saman á áhrifaríkan hátt hinu fagra og dýra gleri og ódýrari og almennari efnum t.d. vikurhellum. Hér kemur fram skemmtileg þörf



Höggmynd eftir Hallstein Sigurðsson. Í bakgrunni sér í myndir eftir Guðmund Björgvinsson og Sigurð Örlygsson.

Haustsýning FÍM 1980




Myndir eftir Valgerði Briem.


til að víkka út svið glerlistar, hún er að visu síður en svo ný af nálinni í heiminum en það er hressilegt að sjá hér að Leifur ætlar ekki að láta sér nægja alfarið hefðbundna sviðið þótt verkefnið sé yfrið nóg. Valtýr Pétursson er í senn litríkur sem hressilegur í myndröð sinni og stórum kraftmeiri en t.d. á Septem-sýningunni. Ég hef tekið eftir því, að þessi myndstíll Valtýs nýtur meiri skilnings listfróðra í útlandinu en hérlandis og mætti hér vísa til nokkurra listdóma m.a. frá Rostock og V-Þýskalandi. Þóður Hall er mjög menningarlegur í myndgerð sinni, næstum um of á köflum, framlag hans er mjög hrifmikið, máski einum of fallegt og snurfusað, hann mætti að ósekju taka meiri áhættu í myndgerð sinni.

— Það vekur athygli á sýningunni hve veglegan sess Valgerður Briem skipar með myndaröð sinni, verðskuldaðan sess að mínu mati, því að myndir hennar eru mjög magnaðar og sérkennilegar. Þetta er röð andlita þar sem megináherslan er lögð á að þróa fram hugsýnum um innri gerð persónuleika fólks. Þetta kunna í senn að vera ákveðnar persónur eða hugsýnir listakonunnar. Fyrir þessar myndir hefði ég kosið mettaðari bakgrunn því að þá hefðu myndirnar komist betur til skila.

Of langt mál væri að telja alla upp sem eiga myndir á sýningunni



Verk eftir Ásgerði Búadóttur.



Mynd eftir Leif Breiðfjörð.



Mynd eftir Gunnar Örn.

en ég get hér nokkurra af handa-hófi er upp í hugann kom við skrif þessi. **Ágúst Petersen** á sterkar myndir er undirstrika sérstöðu hans í íslenski myndlist. Andstæða Ágústs í litameðferð er gegnt myndum hans í salnum og eru eftir **Einar Hákonarson**, þær virka nokkuð skrautlegar í lit en þar sem hann gætir hófs, svo sem í myndunum „Uppstilling“ I og II (58–58), nær hann heillegustu tökum á myndefni sínu. **Guðmundur Björgvinsson** kemur hér fram með áhugaverðustu myndir er ég hef séð frá hans hendi og mynd **Guðbergs Auðunssonar** af **Alfred Flóka** er vafalítið sterkasta mynd hans í langan tíma. **Gunnar Örn** blómstrar á þessari sýningu og framlag hans er það sterkasta um langt skeið. Konuhöfuð hans er í senn mjög fallegt og laust við allt skraut og tilgerð. Honum nægir ekki yfirborðið eitt en leitast við að skyggjast inn í sálarjúpið. **Jóhanna Bogadóttir** virðist í hægri en jafnri sókn innan marka listar sinnar og **Jón Örn Ásbjörnsson** er öllu kraftmeiri og umbúðalausari en áður.



Höggmynd eftir Guðmund Benediktsson.

Faney Jónsdóttir sýnir opinskáar og einlægar akrylmýndir úr hjarta borgarinnar, Lækjartorgi og Hafnarstræti. **Magnús Kjartansson** leikur með hæfileika sína í nokkrum sáldþrykksmyndum og sprengir gjarnan hið hefðbundna svið tækninnar. **Sigurður Eyþórsson** er samur við sig í hrifningu sinni á Leonardo og samtíð hans. Loks má geta þess að **Sigurður Örylgsson** er mættur með stór og kröftug málverk er gefa til kynna að hann sé sem óðast að skapa sér persónulegan stíl á málverkum sínum.

Í heild er Haustsýningin 1980 mjög falleg sýning en fátt kemur á óvart, ef undanskildnar eru gólfmyndir Leifs Breiðfjörðs. Næsta sýning mætti verða meira krassandi og þá dugar ekki minna en allt húsið, því að það er hjargföst trú mín, að eftir þessa sýningu muni félagsmenn verða öllu ólátari við að senda inn myndir á næstu árum og það er vafalítið hið mikilvægasta og ánægjulegasta við þessa sýningu.

Ber að óska sýningarnefnd til hamingju með verk sitt og hvetja sem fyrr fólk til að fjölmenna á Kjarvalsstaði helgardagana sem í hönd fara.

Bragi Ásgeirsson.

Féð rennur af fjalli. Sjaldan hefur safnið verið fállegra og frjálsegra: Spikfeitir, lagðprúðir dillkar, á stærð við mæður sínar, eftir blítt sumar á kjarngresi afreittarlandanna.

Féð er rekið til réttar, og réttardagurinn rennur upp. Fólk drífur að. Réttardagurinn er mesti viðburðadagur haustsins í sveitinni. Ungir og gamlir fara í réttirnar. Auk heimamanna og nærsveitamanna koma þarna ýmsir langt að. Réttirnar draga menn til áttaganna. Minningarnar um fyrstu göngurnar og réttirnar ber hátt alla æfi. Reykvikingar fara norður í land til þess að

um hve vel sé á fjármálum haldið. Slíkar forsendur, svo sem margar aðrar í áróðrinum, eru jafn ómerkilegar, þótt hægt sé að kreista inn skuldir við bankana með reikningskústum og innheimtu hjá þeim allra meinlausustu síðustu mánuði ársins og lána svo jafn mikið eða meira rétt eftir áramót.

Allar svona sveiflur eru að sjálfsögðu hvímléiðar fyrir atvinnureksturinn, enginn getur treyst því að eðlilegt framhald sé í lánamálum.

Með fádæma áróðri hefur verið reynt um langt árabíl að snúa almenningssálinu gegn atvinnu-



að mestu umboðsverzlun. Vörurnar tollafgreiddar og sendar beint til kaupmanna í fyrirfram gerðar pantanir. Verzlunarálagnir í heildsölu leyfir engar vöruborgir á lager. Þannig færast hin raunverulega heildsverzlun úr landi, svo sem stórkaupmenn hafa bent á. Minnkandi fjármagn heildsöluverzlunar flyzt því þráðbeint yfir á bók smásöluðreifingarinnar. Iðnaðurinn var lítið hrifinn. Hin mikla verzlunarvelta síðustu mánuði ársins kallar auðvitað á meiri fjárfestingu hjá iðnaðinum einmitt á þessum tíma.

Yfirstjórn fjármála hefur merkt sitt sláturfé

En hvað um smásöluverzlunina, hvað um kaupmenn? Langmesti annatími og sölutími kaupmanna eru næstu þrír mánuðir. Fjármagnsbörf kaupmanna fram til jóla er í flestum greinum margfold miðað við annan tíma ársins. Þessu veldur, svo sem allir vita, hin stóruauka verða í sambandi við skóla, jólahald o.fl. Verzlun ein stétta hefur enga lögbundna lánaðstöðu. Kaupmenn þurfa stór- auknið fjármagn næstu 2–3 mánuði, en ekki minnkandi fjármagn. Þetta vita fjármagnsýfirvöld mjög vel, og forráðamenn útvarps hljóta að renna grun í þetta líka. Kaupmenn voru þeir, sem fyrst átti að kalla á og spyrja álits. Það vekur líka nokkra furðu hjá atvinnurekendum í iðnaði og verzlun, að Verzlunarbankinn og Iðnaðarbankinn skuli verða að taka þátt í þessu mögulanlaust. Ekkert orð hefur frá þeim heyrt.

Geri bankarnir einhverja alvöru úr þessum mikið auglýsta samdrætti á útlánum, sjá allir að það hlýtur fyrst og fremst að lenda á kaupmannastéttinni og að nokkru á iðnaði.

Verzlunarstéttin er vissulega ýmsu vön frá ríkisvaldi og fjölmöldum, það er einskonar þrautalending að þrengja kost þessarar stéttar, og sannarlega hefur hún ekki haldið uppi vörnum sem skyldi.

Neyðist viðskiptabankarnir til þess að draga úr lánum til verzlunarinnar á næstu mánuðum, er óhætt að segja: „Sláturtíðin er hafin, yfirstjórn fjármála hefur merkt sitt sláturfé. Gjörðið svo vel, komið og fáið ykkur lifur og hjörtu.“

Sláturtíðin



vera í réttum, iðjuhöldar, kaupmenn og bankastjórar eru meðal réttargesta. Hér sátu þeir ungir á réttarvegg. Þeir þekkja synina af fedrunum, líkt og fjárbændur þekkja lömbin af ánum.

Bændur eru gladdir yfir því að sjá sitt fallega fé svo vænt af fjalli, og yfir því að hitta sveitunga og vini á góðum degi. Aðkomumenn eru gladdir yfir því að sjá heimabyggðina og blessaða sauðkindina, svona hvíta á lagðinn, svona tilgerðarlaus á svipinn, stolta og stresslaus.

Menn eiga vín á flöskum og pelum, nóg vín, því bændur eru ríkir, og aðkomumenn eru líka með ferðapela. Menn standa í smáhópum, við bíla sína eða hjá reiðtygjum sínum, láta pyltuna ganga, spjalla og hlæja og hnykkja sér til í hnjáldunum af sjálfsánægju og vellíðan. Mennirnir verð nærri því eins frjálssir þessa stundina og féð á heidinni.

Réttardagurinn líður eins og aðrir dagar við félagskap og réttarstörf, raunar hraðar en aðrir dagar, því veðrið er svo gott og lundin glöð. Aðrir dagar taka við, önnur störf, leiðinlegri störf. Bændur reka heim fé sitt, og þurfa nú að merkja það til slátrunar. Kaupstaðarbúarnir halda líka heim og taka til við sín störf. Bankastjórnir setjast við stóru skrifborðin sín, sem ekkert blað er á, og hugsa eins og fjárbændurnir: Hverju eigum við að sláttra?

Er hægt að heilaþvo hinn bráðvittra Íslending

Undanfarin ár hefur verið venja, að hinir svokölluðu viðskiptabankar, undir forustu ríkisvalds og Seðlabanka, hafi tilkynnt takmarkanir á útlánum, þegar kemur fram á haustið. Núna virðist gert meira úr þessu heldur en venjulega, líklega vegna hins merkilega stjórnafrars, sem við búum við. Áherzlan, sem á þetta er lögd núna, á vist að sýna almenningi að einhverjir valdamenn í þjóðfélaginu hafi áhyggjur af ástandinu, og ef til vill er ennþá eitthvað að fólk, sem trúir því að slíkir menn séu meðal stjórnmendanna, þó það sé vafasamt.

Þessar hauststokur virðast helst stafa af því, að áramótareikningar bankanna þurfa að líta fallega út, svo hægt sé að vitna í þá, til marks

rekstrinum. Einn af okkar banka- stjórum hefur bent á þetta, og varað við þeirri hættu, sem af slíkum áróðri stafaði.

Fjöldi fyrirtækja er rekinn af dagnaði, áræði og ótrúlega mikilli vinnu, einkum í einkarekstri. Atvinnu fólksins í landinu og velmegun byggist á því, að þessum fyrirtækjum vegni sem bezt. Uppbygging þeirra og vöxtur er undirstaða góðra lífskjara. Þessu er víst erfitt að mótmæla. Engu að síður er hugsunarháttur manna að verða sá, að sjálfsagt sé að láta atvinnufyrirtækin berjast í bökkum, helzt að þau sýni tap. Rekstrarhagnaður er hreint eitur í beinum áróðursmanna. Afleiðing þessa er auðvitað sú, að eigið fé fyrirtækjanna er allt of lítið, og þau því háð lánsfé langt umfram eðlileg mörk.

Það er hart að þurfa að trúá því, að hægt sé að heilaþvo hinn bráðvittra Íslending svona.

Bændur eiga 40 þingmenn alveg — og hina 20 að mestu leyti

Nú þrengjum við lánsólinu segja yfirvöld fjármála. Einhverjar leiðir hljóta atvinnurekendur að finna nú eins og áður, segja bankastjórnir. Við viljum fyrirtækjunum ekkert illt með þessu, segja þeir. Man nokkur söguna um karlinn, sem var að skera kálfinn? Kálfurinn spriklaði og var óþægur. Þá sagði karlinn: „Láttu ekki svona kálfskratti, ég er ekkert að gera þér.“

Það er víst enginn vafi á því að mikil nauðsyn er á að draga úr hinum skipulagslitlu útlánum. Mörgum finnst að draga mætti úr fjárveitingum til ríkisumsvifa, til pólitískra minnisvarða atkvæðaveiða og margskonar eyðslu, en það verður eitthvað að gerast fleira en að skrúfa fyrir útlán bankanna til einstakra stétta, til þess að almenningur líti upp og trúi því, að þetta séu ráðstafanir, sem mark sé á takandi. Og jafnvel þó hið ótrúlega gerðist, að stjórnvöld vor yrðu samtaka um ábyrgar ráðstafanir, til þess að bægja frá okkar heimatilbúna vanda, þá mundu þau engu koma fram, nema fólk í landinu sannfærðist um að stjórnmálamenn væru hættir við leikaraskapinn, og það

hefur of oft verið kallað úlfur, úlfur, til þess að almenningur hlaupi nú afar hratt til bjargar.

Útvarpið leitaði álits atvinnurekenda á ráðstöfunum bankanna í lánamálum. Þar komu fulltrúar frá fiskveiðum og fiskiðnaði, og þar komu fulltrúar frá hinum almenna iðnaði og heildsölum. Bændur voru ekki þar og ekki kaupmenn heldur. Bændur geta sjálfsagt fætt það söttlítið, þó þeir séu ekki til kvaddir, þeirra lánamál eru í ágætum og föstum skordum, enda eiga þeir um 40 þingmenn alveg, og hina 20 að mestu leyti. Sjávarútvegur taldi þetta ekki koma við þá atvinnugrein, því þeirra fjármögnun væri fastbundin. Heildsverzlunin er nú

körfubolta

Nú gefst Íslendingum tækifæri til að sjá þessa bráðskemmtilegu íþrótt leikna á þann hátt sem bezt gerist.

Júgóslavnesku bikarmeistararnir, Cibona Zagreb, með 5 af Ólympíumeisturum 1980 ásamt fyrirliða og þjálfara landsliðs Júgóslava innanborðs, mæta Reykjavíkur-, Íslands- og bikarmeisturum Vals 1980 í Evrópukeppni bikarhafa 1980 í Laugardalshöllinni 16. og 17. október kl. 20.

Júgóslavarnir vanmeta greinilega Valsmenn, sem munu leika með John Johnson og Ken Barrett og gera allt til að veita þessum annars góðu leikmönnum harða keppni.

KOMIÐ OG HVETJIÐ LANDANN Í ÍÞRÓTT, SEM STÖÐUGT VERÐUR VINSÆLLI OG VINSÆLLI VALUR